

**KJARVAL**

**40% afsláttur**

**1769 KR. RG**  
Móa Kjúklíngbringur

**398 KR. PR**  
Grillborgari og 4 hamb.braud

**30% afsláttur**

**897 KR. PR**  
Nautahakk

**359 KR. PK**  
Gríms gratín mexíco eða brocccolí

**1198 KR. PR.**  
Kyckling Bröstflé  
Rose kjúklíngbringur 900 g

**2 FYRIR 1**

**Freschetta pizzur 3 tegundir**

**20% afsláttur**

**259 KR. PK.**  
3 tegundir af frónskum

**Casa Fiesta vörur**

**299 KR. PK**  
Kellogg's Special

**249 KR. PK.**  
Náttúra jöklasalat

**89 KR. STH.**  
Líf ávaxtasafi 1 lítri

**399 KR. STH.**  
Klósettappír

- Þín tilboð í Kjarval -

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum**

## Aðalfundur umf. Skafta

verður haldinn á Herjólfstöðum föstudaginn 28. mars kl 20:30

Venjuleg aðalfundarstörf.  
Önnur mál.

*Efling almenningsíþróttar, er áhugi fyrir að stofna t.d gönguhóp?*

Vonumst til að sjá sem flesta.  
Stjórnin.



VITINN á [www.sudurland.net](http://www.sudurland.net)

[www.sko.barnaland.is](http://www.sko.barnaland.is)

Til eru sögusagnir um að Vatnsenda Rósa hafi ort þessar vísur til Páls Melsteðs síðar amtmanns, en líklegra er að þær séu safn vísna frá mismunandi tímabilum

Augað mitt og augað þitt,  
ó þá fögru steina  
mitt er þitt og þitt er mitt,  
þú veizt, hvað eg meina.

Trega eg þig manna mest  
mædd af tára flóði,  
ó, að við hefðum aldrei sést,  
elsku vinurinn góði.

Langt er síðan sá eg hann,  
sannlega fríður var hann,  
allt, sem þrýða má einn mann,  
mest af lýðum bar hann.

Engan leit eg eins og þann  
álma hreyti hjarta.  
Einn guð veit eg elskaði hann  
af öllum reit míns hjarta.

Þó að kali heitan hver,  
hylji dali jökull ber,  
steinar tali og allt, hvað er,  
aldrei skal eg gleyma þér.

Augað snart er tárur tært,  
tryggð í partast mola,  
mitt er hjartað sárum sært,  
svik er hart að þola.

Beztan veit eg blóma þinn,  
blíðu innst í reitum.  
Far vel Eyjafjörður minn,  
fegri öllum sveitum.

SMÁAUGLYSINGAR

13. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 26. MARS 2008



## Krakkar í hestamannafélaginu Sindra.

Nú ætlum við í vettvangsferð **þann 29. mars**, laugardaginn næstkomandi.  
Ferðinni er heitið til Reykjavíkur, áætlað er að skoða fyrst hestasundlaug í Víðidal og fara svo á sýninguna Æskan og hesturinn í reiðhöllinni.  
Ferðin kostar 2.500.- kr á mann og er þá innifalið fæði og rútufar, áætlaður brottfarartími frá bankaplaninu í Vík er klukkan 8:30.  
Nú er eins gott að láta sig ekki vanta í þessa skemmtiferð!

Skráning er á bloggsíðunni okkar [www.hmf-sindri.bloggar.is](http://www.hmf-sindri.bloggar.is)  
skráningarfrestur er **til 26. mars** og aðrar upplýsingar eru hjá Vilborgu í síma: 867-1486

*Með kveðju  
æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Sindra*

LANDGRÆDSLUFÉLAG



SKAFTÁRHREPPS

Stofn 19. Janúar 1994

## Aðalfundur Landgræðslufélags Skaftárhrepps

*Viljum minna á áður auglýstan aðalfund félagsins sem haldinn verður á Hótel Kirkjubæjarklaustri fimmtudagskvöldið 27. mars næstkomandi kl: 20:30.*

Kaffiveitingar í boði Landgræðslu ríkisins

Vonumst til að sjá sem flesta

Stjórn Landgræðslufélags Skaftárhrepps



## Hestamannafélagið Sindri auglýsir

*Seinna vetrarmót ársins 2008 verður haldið  
30. mars á Víkurvelli.*

Skráning fer fram á staðnum klukkan 13:00 - 13:45.  
Keppni hefst stundvíslega klukkan 14:00.

Röðin verður þessi: pollaflokkur, barnaflokkur, unglingsflokkur, karlaflokkur og kvennaflokkur.

Hlökkum til að sjá sem flesta knapa, jafnt sem áhorfendur.  
Bjóðum Kópsmenn velkomna til þátttöku.

*Minum á firmakeppni 12. apríl  
og kvennareid með karlana 19. apríl*

*mótanefnd*

## LÖGGUFRÉTTIR

Fjöldi mála kom til kasta lögreglunnar á Hvolsvelli í liðinni viku en mikil umferð var um umdæmið og margir á faraldsfæti yfir páskahelgina á leið sinni til ættingja og vina eða í sumarhús sín en mikið er af þeim á svæðinu. Færð var líka með besta móti á vegum en 37 öku-menn voru kærðir fyrir of hraðan akstur.

Á fimmtudag gerði mikið hvasvæðri við Kirkjubæjarklaustur. Járnlötur fuku af útihúsi á Hörgslandi, grjótt braut rúðu í bifreið við Lómagnúp, kerra með búslóð f auk aftan úr bifreið við Skál í Eldhrauni og bifreið f auk útaf við Kálfafell enn lögreglu barst tilkynningin um útafaksturinn um kl. 15:40 og sökum veðurofsans var ekki hægt að koma öku-manni til aðstoðar fyrr en um kl. 18:30. Þarna var erlendur ferðamaður

einn á ferð á bílaleigubifreið, ekki urðu slys í þessum óhöppum.

Fjórar tilkynningar bárust um lausa hrossahópa á Suðurlandsvegi í vikunni en á fimmtudag undir miðnætti var ekið á hross austan við Þjórsá, ökumaðurinn kenndi eymsla eftir óhappið, hrossið drapst og bifreiðin var flutt burt mikið skemmd með kranabíl.

Á Péturseyjafjöru við ána Klifanda missti ökumaður hjólið sitt á haf út eftir að hann hugðist aka því yfir ós árinna. Mikil mildi þykir að ökumaðurinn og félagi hans hafi sloppið frá þessu óhappi með skrekkin en öldur hafsins færðu ökumann ítrekað á kaf og fylltu hjálm hans af sjó á meðan þeir gerðu árangurslausar tilraunir til að bjarga hjólinu.

ps. hjólið er fundið, það var Sigurður á Hvoli sem fann það í fjörunni austan við ána. Hjólið er rúíð öllu lauslegu, það var nokkra mánaða gamalt en var kaskótryggt